

FW: {Disarmed} Endurheimt votlendis á Kirkjubóli í Korpudalvið Önundarfjörð lýkur á morgun

Til : Birgir Gunnarsson;Bryndís Ósk Jónsdóttir;Axel Rodriguez Överby
Frá : Almennur póstur
Heiti : FW: {Disarmed} Endurheimt votlendis á Kirkjubóli í Korpudalvið Önundarfjörð lýkur á morgun
Málsnúmer : 2019090050
Málsaðili : Votlendissjóðurinn
Skráð dags : 12.10.2020 10:58:35
Höfundur : Almennur póstur

Viðhengi [image003.jpg](#)[image003.jpg](#)
[image002.jpg](#)[image002.jpg](#)
[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Til fróðleiks

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi

450 8038 - tinnaolafs@isafjordur.is

From: Votlendissjóður

Sent: sunnudagur, 11. október 2020 13:18

To: Ísafjarðarbær

Subject: {Disarmed} Endurheimt votlendis á Kirkjubóli í Korpudalvið Önundarfjörð lýkur á morgun

*Endurheimt votlendis á Kirkjubóli í Korpudal
við Önundarfjörð lýkur á morgun*

|

Endurheimt votlendis í landi Kirkjubólis í Korpudal við Öndarfjörð lýkur í fyrramálið. Svæðið sem hefur verið endurheimt er 24 hektarar að stærð. Með framkvæmdinni er stöðvuð árleg losun uppá 480 tonn af koltvísýringi. Það er sambærileg losun og kemur frá 240 nýlegum fólksbílum á einu ári. Uppsöfnuð endurheimt þessa svæðis til átta ára er 3.840 tonn og það munar um minna í baráttunni við loftslagsvandann.

Vinnan við endurheimtina tók rétt um viku og lauk fyrr en áætlað var en verklok höfðu verið fyrirhuguð 15. október nk. Það var verktakafyrirtækið Þotan sem sá um framkvæmdina.

*"Það er sambærileg losun og kemur frá 240 nýlegum
fólksbílum á einu ári."*

Þetta er því enn einn hátíðisdagurinn í starfsemi Votlendissjóðs og um leið landeigenda á Kirkjubóli. Fyrir 50 árum síðan var jörðin á Kirkjubóli framræst af ríkinu í óþökk eigenda hennar sem á tímabili misstu yfirráðarétt yfir henni. Þannig borgaði ríkið fyrir framræsinguna á jörð sem var aldrei nýtt. Nú um hálfri öld síðan er það einkarekinn sjóður sem greiðir fyrir endurheimt jarðarinnar.

Þá var einnig endurheimt votlendi á vegum Votlendissjóðs á jörðinni Gottorp við Hópið í Húnaþingi vestra í haust. Svæðið sem var endurheimt telur um 33 hektara og hefur þannig losað 660 tonn af koltvísýring á ári.

Endurheimtin var í báðum tilfellum unnin að beiðni landeigenda af Votlendissjóði í samstarfi við Landgræðsluna. Landgræðslan vann mælingar og staðfesti með þeim erindi til endurheimtar og mun Landgræðslan síðan fylgjast með svæðinu næstu árin með staðfestu framkvæmdarinnar í huga.

Samkvæmt Loftslagsráði Sameinuðu þjóðanna (IPCC) losar einn hektari af framræstu landi 19.5 tonn af gróðurhúsalofttegundum á ári. Mælingar Landgræðslunnar síðustu þrjú ár staðfesta það og meira til. Í einhverjum tilfellum mælinga í fyrra sumar, sem var einstaklega þurr og hlýtt, fóru mælingar langt yfir 100 tonn á hektarann.

Myndbandið hér að neðan útskýrir endurheimt og gildi hennar.

Nánari upplýsingar gefur:
Einar Bárðarson 618 9000
framkvæmdastjóri Votlendissjóðs

Frekari myndir af framkvæmdinni við Kirkjuból hér að neðan.



|

1

1

*Misskilningur að losunin hafi með rof í skurðabökunum
að gera.*

Mýrar eru sérstakar því gróður sem vex í þeim rotnar ekki nema að mjög litlu leyti og safnast því fyrir. Ástæðan fyrir því er að vegna vatnsins er ekkert súrefni til staðar og því ekki skilyrði fyrir örverur til að brjóta niður lífræna efnið og breyta því í CO₂ (koltvísýring).

Munurinn á gróðri í votlendi og graslendisgróðri er að graslendisgróður sölnar og rotnar að hausti og

losar sambærilegt magn af CO2 og hann batt yfir sumarið. Í votlendi safnast saman órotnaðar jurtaleifar í oft mjög þykk mólög í hundruð eða þúsundir ára. Þegar votlendi er framræst fer vatnið úr jarðveginum og skilyrði skapast fyrir örverur til að brjóta niður lífræna efnið. Rotnun hefst og þar með losun á CO2.

Það er þess vegna ekki skurðurinn sjálfur eða rof í börðum hans sem losa gróðurhúsalofttegundir heldur hið framræsta og þurrkaða land sem áður hafði notið einangrunar undir vatnsyfirborðinu.

Við framræsinguna og þurrkinn í framhaldinu hefst rotnun á uppsöfnuðu lífrænu efni ár hundruð aftur í tímann. Með endurheimtinni er þessum óleik afstýrt og rotnunin kæfð á nýjan leik.

Niðurstöður rannsókna sem hafa verið gerðar og eru í gangi gefa ekki tilefni til að ætla að losun frá íslenskum mýrum sé almennt frábrugðin losun frá mýrum á sambærilegum stöðum á hnettinum.

Rannsóknir Gunnhildar Evu Gunnarsdóttir á sextán framræstum og óframræstum mýrum á Suðurlandi og rannsóknir Hlyns Óskarssonar og Jóns Guðmundssonar frá Landbúnaðarháskólanum og Rannveigar Ólafsdóttur á svæðum á Vesturlandi sýna þetta glögg.

Vísan í rannsóknir og skrif hér neðar í tilkynningunni.

|

Endurheimtu 1.440 tonn á síðasta ári.

Votlendissjóður endurheimti votlendi á fjórum jörðum árið 2019. Allar fóru jarðirnar í gegnum úttekt hjá Landgræðslunni en eftir hana var hafist handa. Fyrst riðu á vaðið landeigendur á Hofi í Norðfirði og endurheimtu á sinni jörð, þá komu Garðlist verktakar og framkvæmdu endurheimt á Bessastöðum en síðan var það ÍSTAK sem lagði Votlendissjóði til atfylgi í Bleiks- og Krísuvíkurmýri. Samtals voru þetta 72 hektarar árið 2019.

Til frekari upplýsinga um endurheimt votlendis bendir stjórn sjóðsins á eftirfarandi eftir farandi skýrslur og samantektir

Arnþór Garðarsson, Borgþór Magnússon, Einar Ó. Þorleifsson, Hlynur Óskarsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Niels Árni Lund, Sigurður A. Þrafnsson og Trausti Baldursson, 2006. Endurheimt votlendis 1996 - 2006. Skýrsla Votlendisnefndar,

Landbúnaðarraðuneytið, 15 bls. <http://www.rala.is/votlendi/votlendisskyrsla.pdf>

Brynhildur Davíðsdóttir, A. Gu. Sta. Loftsdóttir, Birna Hallsdóttir, Bryndís Sku. Lado. ttir, Daði Ma. r Kristó. fersson, Guðbergur Ru. narsson, Hreinn Haraldsson, Pe. tur Reimarsson, Stefa. n Einarsson, Þorsteinn Ingi Sigfu. sson, 2009. Mo. guleikar til að draga u. r netto. u. tstreymi gro. ðurhu. salofteggunda a. l. l. slandi. Skýrsla Se. rfræðinganefndar, Umhverfisa. ðuneytið.

https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/loftslag.pdf

Gudmundur Halldorsson, Bjarni D. Sigurdsson, Leena Fine. r, Jo. n Gudmundsson, Thomas Ka. tterer, Bal Ram Singh, Lars Vesterdal og Andres Arnalds, 2015. Soil Carbon Sequestration - for climate, food security and ecosystem services. Nordic Council of Ministers.

Denmark.

<http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:868306/FULLTEXT02.pdf>

IPCC, 2014. 2013 Supplement to the 2006 IPCC Guidelines for National Greenhouse Gas Inventories: Wetlands, Hiraishi, T., Krug, T., Tanabe, K., Srivastava, N., Baasansuren, J., Fukuda, M. and Troxler, T.G. (eds). U'tg.: IPCC, Switzerland

https://www.ipcc.ch/site/assets/uploads/2018/03/Wetlands_Supplement_Entire_Report.pdf

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni <https://sdgs.un.org/goals>

Heimasíða Votlendissjóðsins

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Votlendissjóðs, Einar Bárðarson, s.
6189000 eða einarb@votlendi.is



